

186

26. okt.

8. gr.
Skiptist Búnaðarfélag Svarfdæla í tvö félög, fellur sjóðurinn óskiptur í eign þess félagsins, sem nær yfir fremri hluta Svarfaðardals.

9. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

187

28. sept.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 234 31. desember 1943, um breyting á reglum um áhættuflokkun og ákvörðun iðgjalda fyrir slysatryggingar, nr. 222 21. febr. 1939.

Í 2. málslíð 1. mgr. 2. gr. Í stað „kr. 65.00“ komi: kr. 33.00.

Ákvæði þetta er hér með sett samkvæmt lögum nr. 104 30. desember 1943, um breyting á I.—III. kafla laga um alþýðutryggingar, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. september 1945.

Finnur Jónsson.

Páll Pálmason.

188

25. sept.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Siglufjarðarkaupstaðar, nr. 131 25. júlí 1941.

1. gr.

8. grein reglugerðarinnar verði svo hljóðandi:

Vatnsskattur skal greiddur af öllum húsum með 2½% af fasteignamatsverði húsanna.

Af verksmiðjum eða húsum, þar sem fram fer atvinnurekstur, sem mikið vatn útheimtir, skal greiða 5% af fasteignamatsverði, ef ekki er greitt sérstakt gjald fyrir þá nokkun.

2. gr.

9. grein verði svo hljóðandi:

Af hverri tunnu grófsaltaðrar sildar greiðist 5 aurar í vatnsgjald.

Af hverri tunnu sérverkaðrar sildar greiðist 10 aurar í vatnsgjald.

Fyrir hverja tunnu af flakaðri sild 25 aurar.

Af hverjum 100 kg af söltuðum, frystum eða ísuðum fiski greiðist 3 aurar.

Af hverri tunnu af söltuðum flökuðum fiski greiðist 10 aurar.

Af hverjum 100 kg af hraðfrystum fiskiflökum greiðist 15 aurar.

Vatnsskattsskylda framleiðslu má eigi flytja burt af framleiðslustaðnum, fyrir **188** en vatnsskattur af henni er greiddur, að viðlögðum sektum samkvæmt 16. og 18. 25. sept. gr. reglugerðarinnar, ef út af bregður.

3. gr.

10. gr. verði svo hljóðandi:

Þegar um fyrirtæki er að ræða, sem nota mikið vatn, svo sem sildarverksmiðjur ríkisins, getur bæjarstjóri ákveðið að selja því vatn um mæli, og kostar þá smálestin 15 aura.

Sem árslægmarksgjald ber verksmiðjunum að greiða kr. 400.00 fyrir hverja 1000 mála vélasamstæðu, sem verksmiðjurnar geta annað og tengdar eru við vatnsað veitunnar.

Þegar ákveðið hefur verið að selja vatn um mæli, ber viðkomandi notanda að útvega sér mæli og annast sjálfur viðhald hans. Vanræki vatnsnotandi að fá sér mæli eða annast viðhald hans, skal vatnsgjald til sildarverksmiðja vera 2,5 aurar fyrir hvert mál sildar, er verksmiðjan hefur tekið á móti til bræðslu.

Ef vatnsnotandi óskar þess, skal vatnsveitan kaupa fyrir hann vatnsmæli.

4. gr.

14. gr. orðist svo:

Heimilt er bæjarstjórn fyrir eitt ár í senn að hækka vatnsskatt og vatnsgjald um allt að 100% og lækka það um allt að 50% frá ákvæðum í greinum 8, 9, og 10 og taki þá hækkunin eða lækkunin jafnt til allra gjaldenda.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. september 1945.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Styrkveitingasjóð Jóhannesar Norðfjörð úrsmíðameistara og konu hans, Ásu J. Norðfjörð“, útgefin á venju- **189 legan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 3. okt. 1945. 3. okt.**

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Jóhannesar Norðfjörð úrsmíðameistara og konu hans,
Ásu J. Norðfjörð.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af hjónunum Jóhannesi Norðfjörð úrsmíðameistara og konu hans, Ásu Jónsdóttur Norðfjörð frá Ásmundarstöðum, til heimilis að Njarðargötu 49, Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 10000 — tíu þúsund — krónur. Sjóðinn skal ávaxta í sjóði eða verðbréfum eftir því, sem stjórn sjóðsins telur tryggilegast.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja ekkjur þeirra manna, sem haft hafa úrsmíðastarf að aðalatvinnu sinni.